

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá, sama efnis, úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 11. október 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja.

Frá og með 21. október 1974 tekur gildi breyting á verði lyfja samkv. LYFJA-VERÐSKRÁ I frá 10. júlí 1973.

Samkvæmt þessu skal leggja 17.9% á verð, samkvæmt greindri verðskrá, og fellur þá jafnframt niður 13.4% álag á Lyfjaverðskrá I, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. apríl 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um váttryggingarstarfsemi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá nr. 396 28. desember 1973.

1. gr.

Úr L. lið 23. greinar falli burtu orðin: „Einnig skal skrá bráðabirgðaleyfi og frestun starfsleyfis, sbr. 16.—19. gr.“